



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Lög um aðgengi að vefsetrum og smáforritum opinberra aðila FJR25090028
Ráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Stig mats	☐ Frummat, sbr. 1. gr. ☒ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	7. október 2025

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifabáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifabættir á fjárhag ríkissjóðs.

- a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?

Matið byggir á efnislegri greiningu á drögum að lögum og reglugerð, samanburði við innleiðingu á Norðurlöndunum (t.d. Noreg) og þeirri forsendu að lögin séu útfærsla á fyrri stefnumörkun stjórnvalda frá 2012. Ekki hefur farið fram gerð formlegs reiknilíkans.

- b) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum.

Áætlanir byggja á þeim forsendum að lögin nái til allra opinberra aðila og núverandi staða sé sú að langflestir opinberir aðilar uppfylli nú þegar gildandi kröfur að mestu leyti, m.a. í ljósi fyrri stefnumörkunar stjórnvalda frá 2012. Einskiptiskostnaður við tæknilegar úrbætur muni því einkum falla til hjá fáum aðilum og gert er ráð fyrir að meirihluti þeirra þurfi aðeins á minniháttar lagfæringum að halda.

Gert er ráð fyrir að varanlegur kostnaður sé vegna mönnunar og rekstrar miðlægs eftirlits sem sinnir vöktun, leiðbeiningum og skýrslugerð. Við mat á umfangi var höfð hliðsjón af reynslu annarra Norðurlanda. Þá er gert ráð fyrir að flestir opinberir aðilar muni bera umsýslukostnað við gildistöku, svo sem við gerð fyrstu aðgengisyfirlýsingar. Eftir það er gert ráð fyrir minni háttar varanlegum umsýslukostnaði hjá hverjum aðila vegna viðhalds og eftirfylgni.

- c) Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?

Áhrifin eru bæði tímabundin, vegna einskiptiskostnaðar við úrbætur á eldri vefjum og uppsetningu umsýsluferla, og varanleg, vegna árlegs rekstrarkostnaðar við eftirlit og viðhald.

- d) Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun.

Ákvæði laganna um „óhóflega byrði“ (5. gr. frumvarps) setur skýrar skorður við ótakmörkuðum kostnaði hjá einstaka aðilum. Samræmdir staðlar skapa jafnframt hvata til hagkvæmni í þróun og innkaupum.

- e) Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlið og gjaldahlið en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu.

Tekjuhlið (brúttó): Engin áhrif.

Gjaldahlið (brúttó): Áætluðum kostnaði er skipt í tvo flokka:

Viðbótarkostnaður: Áætlaður tímabundinn kostnaður á bilinu 38 - 76 m.kr. vegna úrbóta og varanlegur árlegur kostnaður á bilinu 10 - 23 m.kr. vegna reksturs nýs eftirlits.

Vinnuframlag starfsfólks: Áætlaður tímabundinn kostnaður á bilinu 26 - 43 m.kr. vegna uppsetningar nýrrar umsýslu og varanlegur árlegur kostnaður á bilinu 14 - 21 m.kr. vegna viðhalds hennar.

Nettóáhrif á afkomu: Neikvæð sem nemur hreinum viðbótarkostnaði á gjaldahlið. Kostnaður vegna vinnuframlags hefur ekki bein áhrif á afkomu ríkissjóðs en felur í sér endurforgangsröðun verkefna.

2. Tekjubreytingar.

Ekki er gert ráð fyrir neinum viðbótartekjum.

3. Útgjaldabreytingar.

Gert er ráð fyrir nýjum útgjöldum og vinnuframlagi sem sundurliðast áætlað sem hér segir:

Viðbótarkostnaður:

Varanlegur árlegur kostnaður (10 - 23 m.kr.):

- *Rekstur eftirlits:* Fjárförf vegna 0,5-1 stöðugildis, hugbúnaðarleyfa og sérfræðiþjónustu hjá vöktunaraðila og kærustjórnvaldi.

Tímabundinn einskiptiskostnaður (38 - 76 m.kr.):

- *Tæknilegar úrbætur:* Kostnaður þeirra fáu aðila sem þurfa á minni eða miklum úrbótum að halda á vefsvæðum sínum, sem felst í aðkeyptri þjónustu eða sérhæfðri vinnu.

Vinnuframlag starfsfólks:

Varanlegur árlegur kostnaður (14 - 21 m.kr.):

- *Árlegt viðhald:* Vinnuframlag núverandi starfsfólks allra opinberra aðila við árlegt viðhald aðgengisyfirlýsinga og meðhöndlun ábendinga.

Tímabundinn einskiptiskostnaður (26 - 43 m.kr.):

- *Uppsetning umsýslu:* Vinnuframlag núverandi starfsfólks allra opinberra aðila við upphafsgerð aðgengisyfirlýsinga og skilgreiningu ferla.

Gert er ráð fyrir að þessi einskiptiskostnaður falli til á árunum 2026–2027, í samræmi við áfangaskipta gildistöku laganna eins og hún er nánar útfærð í 13. gr. frumvarpsins.

4. Eignabreytingar.

Á ekki við.

5. Aðrir áhrifapættir varðandi ríkisfjármál.

- a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum.

Fastur rekstrarkostnaður vegna eftirlitsaðila verður felldur undir viðeigandi málaflokk og ráðuneyti í fjárlögum. Fjárveitingin mun falla undir hefðbundna útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum.

- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál.

Áætluð útgjöld verða færð á rekstrargrunni í samræmi við lög um opinber fjármál. Ekki er gert ráð fyrir frávikum frá hefðbundnum reikningshaldslegum grundvelli.

- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs.

Á ekki við.

- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur.

Á ekki við.

- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi.

Lagasetningin felur í sér nýtt stjórnsýsluverkefni (eftirlit) sem verður falið tilteknu stjórnvaldi, en breytir ekki að öðru leyti rekstrarformi ríkisstarfsemi.

- f) Opinber innkaup og útboð.

Lagasetningin felur í sér stjórnsýsluverkefni sem verður falið tilteknu stjórnvaldi, en breytir ekki að öðru leyti rekstrarformi ríkisstarfsemi.

- g) Eignaumsýsla ríkisins.

Á ekki við.

- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.

Á ekki við.

- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.

Á ekki við.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

a) í gildandi fjárlögum

Nei.

b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs

Ekki er gert ráð fyrir útgjöldum í fyrirbyggjandi frumvarpi.

c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar

Nei. Gera þarf ráð fyrir varanlegum rekstrarkostnaði við næstu endurskoðun.

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?

Gert er ráð fyrir að kostnaði við eftirlit verði mætt innan útgjaldaramma þess málaflokks sem málið heyrir undir, með forgangsriðun verkefna eða tilfærslu fjármuna.

3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

Nei.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.

Lítill en jákvæð. Aukin eftirspurn eftir sérhæfðri þekkingu á vefaðgengi getur örvað vöxt og nýsköpun innan upplýsingatæknigeirans.

2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999?

Lögin leggja ekki reglubyrði á almenn fyrirtæki heldur á opinbera aðila. Áhrif á atvinnulífið eru jákvæð þar sem samræmdar kröfur skapa skýrleika og fyrirsjáanleika fyrir fyrirtæki sem þjónusta hið opinbera.

3. Samkeppnisskilyrði.

a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta).

Engar. Reglusetningin felur ekki í sér einkarétt, leyfiskerfi, kvóta eða aðrar beinar

aðgangshindranir. Markaðurinn er opinn öllum fyrirtækjum sem geta uppfyllt tæknilegar kröfur.

- b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja).

Litlar. Kröfur um sérhæfða þekkingu á sviði vefaðgengis gætu talist óbein hindrun fyrir fyrirtæki sem ekki búa yfir þeirri þekkingu. Á móti kemur að staðlarnir eru opnir og aðgengilegir öllum, sem skapar jafnframt tækifæri fyrir ný fyrirtæki og stuðlar að aukinni sérhæfingu á markaði.

- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar, t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd).

Engar. Þvert á móti stuðla samræmdir tæknilegir staðlar að jafnari samkeppnisstöðu. Reglurnar hafa ekki áhrif á verðlagningu, sölusvæði eða auglýsingar. Þær setja lágmarksgæðaviðmið fyrir vöruna (þjónustuna) sem öll fyrirtæki þurfa að uppfylla og keppa þannig á jafnari grunni.

- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda virka samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)

Engar. Reglurnar fela ekki í sér undanþágur frá samkeppnislögum né hvetja þær til samráðs eða skipta á viðskiptaupplýsingum. Skýr og fyrirsjáanlegur rammi ætti þvert á móti að hvetja til virkari samkeppni.

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Já. Lögin munu ná til sveitarfélaga þar sem þau teljast opinberir aðilar í skilningi laganna. Þau munu því bera sömu skyldur og ríkisstofnanir varðandi aðgengi að vefsvæðum og smáforritum.

Í frumvarpsdrögunum er ekki gert ráð fyrir að nýta ekki heimild tilskipunarinnar til að undanskilja vefsetur og smáforrit skóla og leikskóla. Sú ákvörðun byggir á því mati að stafræn þjónusta sé orðin órjúfanlegur hluti af nútíma skólastarfi og að aðgengi að henni sé forsenda jafnra tækifæra til náms og virkrar þátttöku allra.

Kostnaður hvers sveitarfélags mun fara eftir núverandi stöðu aðgengismála, en gert er ráð fyrir að flestir þurfi aðeins á minniháttar lagfæringum að halda.

Þó er mikilvægt að áréttast að ákvæði laganna um „óhóflega byrði“ mun gilda um sveitarfélög og skóla jafnt sem aðrar opinbera aðila. Með því er komið í veg fyrir að ósanngjarnar kröfur verði gerðar til minni sveitarfélaga eða skóla þar sem kostnaður við úrbætur væri augljóslega í engu samræmi við stærð þeirra, fjárhag og þjónustuhlutverk. Því er ekki ráðgert að heildarkostnaður sveitarfélaga við innleiðinguna verði verulegur.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).

Engin neikvæð áhrif. Þvert á móti stuðla lögin að auknu frelsi til að veita þjónustu þar sem þau samræma kröfur á Íslandi við þær sem gilda á innri markaði Evrópu. Þetta auðveldar fyrirtækjum, innlendum sem erlendum, að bjóða þjónustu sína yfir landamæri þar sem sömu lágmarkskröfur gilda. Lögin fela ekki í sér nýjar takmarkanir á þjónustustarfsemi sem krefjast tilkynningar til ESA.

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.

Lög þessi fela í sér setningu tæknilegra reglna um fjarþjónustu (vefsetur og smáforrit) í skilningi laga nr. 57/2000. Hins vegar er ekki að sjá að þörf sé á sérstakri tilkynningu þar sem um er að ræða innleiðingu á EES-gerð.

4. Áhrif á byggðalög.

Jákvæð. Aukið aðgengi að stafrænni þjónustu hins opinbera dregur úr þörf íbúa á landsbyggðinni til að ferðast á milli staða til að sækja sér þjónustu og upplýsingar. Þetta stuðlar að jafnara aðgengi að þjónustu óháð búsetu.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök.

Lítill eða engin bein áhrif. Löggjöfin beinist að opinberum aðilum. Frjáls félagasamtök eru undanþegin nema þjónusta þeirra teljist nauðsynleg almenningi eða beinist sérstaklega að þörfum fatlaðs fólks.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna.

1. **Markmið og áhrif:** Markmið laganna er að tryggja jafnan aðgang allra, sérstaklega fatlaðs fólks, að stafrænni þjónustu. Þetta markmið styður við jafnrétti í víðum skilningi.

2. **Kyngreind gögn og staða kynjanna:** Kyngreind gögn sýna að konur eru í meirihluta meðal öryrkja og eldri borgara á Íslandi. Þetta eru hópar sem lögin munu hafa sérstaklega jákvæð áhrif á. Konur nýta sér opinbera þjónustu í meira mæli en karlar, t.d. þjónustu tengda heilbrigðiskerfi, menntakerfi og félagsþjónustu, oft fyrir hönd fjölskyldunnar. Hindranir í stafrænu aðgengi bitna því í mörgum tilfellum frekar á konum.

3. **Niðurstaða mats:** Lögin eru líkleg til að hafa **jákvæð áhrif á jafnrétti kynjanna**. Með því að tryggja aðgengi að stafrænni þjónustu er verið að fjarlægja hindranir sem hafa meiri áhrif á konur, sökum hærra hlutfalls þeirra í þeim hópum sem eiga helst á hættu að verða fyrir stafrænni útilokun. Lögin stuðla því að sjálfstæðum og jöfnum möguleikum kvenna til þátttöku og samskipta við hið opinbera. Ekki er þörf á mótvægisáðgerðum þar sem áhrifin eru til þess fallin að auka jafnrétti.

7. Áhrif á lýðheilsu.

Engin eða óveruleg.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.

Í nýsköpun skapa lögin skýran lagaramma og markað fyrir fyrirtæki sem þróa aðgengislausnir.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.

Jákvæð. Þar sem lögin innleiða EES-tilskipun samræma þau íslenska staðla að þeim sem gilda í öðrum norrænum og evrópskum ríkjum. Þetta auðveldar stafræn samskipti við hið opinbera fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem starfa yfir landamæri.

10. Áhrif á stjórnsýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.

Lagasetningin kallar á að eftirlits- og framfylgdarhlutverk verði skilgreint og mannað hjá tilteknum stjórnvöldum. Þetta krefst þess að viðkomandi ráðuneyti og stofnun séu í stakk búin til að taka við verkefninu. Aðrir opinberir aðilar þurfa að laga innri verkferla sína m.a. varðandi vefumsjón og innkaup á hugbúnaði.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.

Mjög jákvæð og er þetta meginmarkmið lagasetningarinnar. Hún mun hafa afgerandi jákvæð áhrif á stöðu fatlaðs fólks (t.d. með sjón-, heyrnar-, hreyfi- eða vitsmunalegar skerðingar). Hún mun einnig gagnast öðrum hópum, svo sem eldri borgurum, fólki með lesblindu, einstaklingum með takmarkaða stafræna færni og fólki með tímabundnar skerðingar, með því að gera stafræna þjónustu auðveldari í notkun fyrir alla.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

Óbein jákvæð áhrif. Með því að bæta og hvetja til notkunar á stafrænni þjónustu geta lögin dregið úr þörf á ferðalögum til að sækja opinbera þjónustu, sem leiðir af sér minni losun gróðurhúsalofttegunda. Þá styðja lögin við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, sérstaklega markmið um minni ójöfnuð.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.

Áætlað er að lögin hafi í för með sér hreinan viðbótarkostnað fyrir ríkissjóð sem skiptist í varanlegan árlegan kostnað á bilinu 10 - 23 m.kr. (vegna eftirlits) og tímabundinn einskiptiskostnað á bilinu 38 - 76 m.kr. (vegna úrbóta). Að auki er gert ráð fyrir vinnuframlagi núverandi starfsfólks hjá öllum opinberum aðilum, sem felur í sér innri tilfærslu á fjármunum en ekki nýja fjárþörf úr ríkissjóði.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.

Helstu áhrif eru samfélagsleg og jákvæð. Lögin munu tryggja grundvallarréttindi fatlaðs fólks til aðgangs að upplýsingum og þjónustu og stuðla að virkari þátttöku þeirra í samfélaginu. Til að tryggja virka framfylgd laganna er gert ráð fyrir heimild til að beita dagsektum ef opinberir aðilar sinna ekki fyrirbætur um úrbætur.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).

Samfélagslegur ávinningur af auknum jöfnuði, virkari samfélagsþátttöku og bættri opinberri þjónustu er metinn mun meiri en sá afmarkaði kostnaður sem af lögum hlýst.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

Upphaflega var ráðgert að innleiða tilskipunina með heimild í lögum um skipan upplýsingatækni, sem var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en varð ekki að lögum. Í aðdraganda þess voru áform og drög að lagafrumvarpi kynnt FJR.

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

Já.

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?

Ekki verið gerðar slíkar breytingar.